

ofs

Ræktunaráætlun

Eyri

Fjarðabyggð

25. maí 2023

Höfundar: María Daníelsdóttir Vest

Skógarþjónustan

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
Inngangur.....	3
Lýsing skógræktarsvæðis	3
Staðsetning skógræktarsvæðis	5
Upplýsingar um verkefnið.....	6
Gróðursetningar	9
Umhirða.....	10
Eldvarnir	10
Áhættumat og mótvægi.....	11
Töflur og kort.....	12

Eyri - Skógræktaráætlun

Inngangur

Skýrsla þessi er ræktunaráætlun fyrir kolefnisverkefni samkvæmt kröfum Skógarkolefnis. Verkefnið hefur ekki verið skráð í Loftslagsskrá Íslands og hefur ákvörðun um hvort af því verður ekki verið tekin. Ákvörðun um það er á ábyrgð eiganda verkefnis.

Lýsing skógræktarsvæðis

Fyrirhugað skógræktarsvæði er í sunnanverðum Fásksrúðsfirði í Fjarðabyggð, í um 100 m fjarlægð frá sjó. Megin markmið verkefnisins er kolefnisbinding.

Búskapur hefur ekki verið stundaður á jörðinni til margra ára og mörg tún farin að ganga til baka í náttúrulegt mýrlendi.

Skógræktarsvæðið liggur ofan við þjóðveginn utan helgunarsvæðis Vegagerðarinnar, sem eru 30 m frá miðlínu vegar, upp í allt að 220 m.y.s. Bratti eykst eftir því sem ofar dregur og einkennist af mosapembu og rýrum lyngmóa með töluverðu stórgrýti. Votlendi þekja stóran hluta svæðisins eða um 18%. eru þau undanskilin skógræktarsvæðinu og ekki skal raska þeim með neinum hætti við skógræktina.

Kortlagning gróðurfars var unnin á vettvangi samkvæmt korlagningarlykli Mógilsár – rannsóknarstöðvar skógræktar (Rit Mógilsár nr. 33/2015). Stuðst var við vistgerðarkort Náttúrufræðistofnunar Íslands við kortlagningu en töluvert ósamræmi kom fram við kortlagningu á vettvangi samanborið við Vistgerðarflokkun Náttúrufræðistofnunar Íslands. Ósamræmi fólst í vanmetingu á stærð og fjölda votlenda.



Stuðst var við Landupplýsingagrunn Landsnets og Rarkiks (2023) við kortlagningu jarðstrengja og raflína. Jarðstrengur liggur í gegnum svæðið um 60m ofan og samsíða þjóðveginum. Nýta skal lagningarstæði jarðstrengs sem skógarlóða og ekki gróðursetja tré í stæðið. Einnig eru raflínur um 150 m ofan við jarðstreng og hefur helgunarsvæði verið undanskilið skógræktarsvæðinu. Ekki skal gróðursetja innan helgunarsvæðis. Nýta skal helgunarsvæði að hluta sem skógarlóða.

Á skógræktarsvæðinu eru engin friðlýst svæði eða önnur verndarsvæði samkvæmt Vefsja Aðalskipulags Fjarðabyggðar (geo.alta/fjb/ask). Við kortlagningu fornleifa var stuðst við Landupplýsingagrunn Minjastofnunar og fornleifaskráningu Rannveigar Þórhallsdóttur (2022 og 2023). Fornleifar eru innst á svæðinu að neðanverðu, á milli háspennulínunnar og jarðstrengsins. Helgunarsvæði um fornleifarnar eru 15 m og hafa þær verið sérstaklega merktar. Ekki skal raska fornleifunum né helgunarsvæðinu að neinu leyti og fara skal varlega við slóðagerð, jarðvinnslu og gróðursetningar í kring. Einnig eru fornleifar ofan við íbúðarhús við slóða. Þær eru ekki innan skógræktarsvæðis en fara skal með vargát ef keyrt er um svæðið.

Áætlað skógræktarsvæði er 138,4 ha, þar af 43,4 ha úrtök þ.m.t. mýrar, fornleifar, lækir, gil og raflínur. Áætlað er að gróðuseta 216.992 plöntur í 95 ha.

Aðstæður til skógræktar eru góðar, einkum í skjóli fjallshlíðanna við mynni Sandfellsdals. Túnin eru mörg flöt og hætta er á myndun frostpolla sem gæti tafið vöxt og dregið úr lifun trjáanna. Stór hluti landsins er frekar rýrt land en unnið er gegn því með góðu tegundavali.

Meðalárshiti á svæðinu er 3,5 °C og rignir að meðaltali 1100-1400 mm á ári. Meðalvindhraði eykst með hækkandi landslagi og nær mest í 11,3 m/s. Vindar koma í 27% tilvika úr suðvesti niður út Eyrardal og 15% tilvika innan úr firði. Skjólgtt svæði finnst við mynni Sandfellsdals. Öll veðurfarsgögn eru fengin af vefsíðu Veðurstofu Íslands.



Samantekt meðalvindhraða og orkupéttleika						
Hæð [m]	Mælistærð	0,000 m	0,030 m	0,100 m	0,400 m	1,500 m
10	Meðalvindhraði [m/s]	8,0	5,9	5,1	4,0	2,7
10	Orkupéttleiki [W/m ²]	736	286	189	91	27
25	Meðalvindhraði [m/s]	8,4	6,6	6,0	5,0	3,9
25	Orkupéttleiki [W/m ²]	782	378	278	166	75
50	Meðalvindhraði [m/s]	9,0	7,5	6,9	6,0	5,0
50	Orkupéttleiki [W/m ²]	941	517	404	270	148
100	Meðalvindhraði [m/s]	10,0	8,6	8,1	7,2	6,2
100	Orkupéttleiki [W/m ²]	1.253	777	636	461	289
200	Meðalvindhraði [m/s]	11,3	9,9	9,4	8,7	7,7
200	Orkupéttleiki [W/m ²]	1.809	1.215	1.037	803	561

Staðsetning skógræktarsvæðis


Jörð: Eyri

Landnúmer: 158488

Sveitarfélag: Fjarðabyggð

Heildarflatarmál svæðis: 138,5 hektarar

Flatarmál gróðursetninga: 95 hektarar



Upplýsingar um verkefnið

Eigandi og umráðaaðili (ef annar en eigandi):

Nafn: Aldgate eignir ehf.

Kt: 551217-2640

Umráðaaðili: Yggdrasill Carbon

Netfang: hilmar@yggcarbon.com

Aðrir sem koma að verkefninu

Ábyrgðaraðilar verkefnisins eru Ingibjörg Jónsdóttir og Ríkey Ásta Þorsteinsdóttir verkefnastjórar hjá Yggdrasill Carbon.

Netföng: ingibjörg@yggcarbon.com & rikey@yggcarbon.com

Framkvæmdaleyfi

Framkvæmdaleyfi liggur fyrir: Já

Fornleifaskráning liggur fyrir: Já

Lykildagsetningar

Áætlað upphaf gróðursetningar: 2023

Áætluð lok gróðursetningar: 2023

Áætlaður spátími: 50 ár

Áætluð lágmarkslengd kolefnisskuldbindinga: 50 ár

Lýsing á markmiðum skógræktar

Fjölnytjaskógur með áherslu á kolefnisbindingu, jarðvegsvernd, útivist, timburframleiðslu og aðra vistkerfisþjónustu. Verkefnið hefur fjölbreyttan umhverfislegan, efnahagslegan og samfélagslegan ávinning í för með sér.

Aðferðir á stofntímabili

Á meðan verið er að gróðursetja til skógarins skal kappkosta að fara að markmiðum þessarar ræktunaráætlunar, þ.e. að jarðvinnsla, gróðursetning og áburðargjöf séu framkvæmd eins og lýst er og að meðferð plantna við flutning, geymslu og gróðursetningu sé eins og best verður á kosið. Einnig skal sjá til þess að friðun svæðisins fyrir beit sé ávallt í lagi. Ekki er síður mikilvægt að tryggja hagkvæmni og skilvirkni framkvæmda. Í þeim efnum er mikilvægt að þéttleiki gróðursetningar (fjöldi/ha, bil á milli plantna) sé eins og lagt er upp með og að gróðursetning gangi fljótt og vel. Verktakar og aðrir sem að framkvæmdum koma skulu hafa þá þekkingu og færni sem þarf til að ljúka verki, að mati skógræktarráðgjafa.

Forsendur skógræktaráætlun og lýsing á ávinningi verkefnis

Megináhersla verkefnisins er binding kolefnis með ræktun skóga með ríka áherslu á umhverfislegan og samfélagslegan ávinning.

Ábyrgðaraðilar verkefnisins báðu um að hafa notkun stafafuru í lágmarki og reynt er að fylgja því eftir í skógræktaráætluninni. Þrátt fyrir það er gert ráð fyrir stafafuru í 69% ræktað lands, enda er engin önnur trjátegund sem getur komið í hennar stað við þær aðstæður sem þarna ríkja. Stafafura er ráðgerð í rofna og rýra lyngmóa og mosapembur þar sem frjósemi jarðvegs er lág og þrif og vöxtur sitkagrenis er erfiður. Áhætta er á að grenið muni eiga erfitt uppdráttar í æsku sem getur komið niður á lifun þess og vexti fyrstu árin. Eigendur verkefnisins munu fylgast vel með því hvort stafafuran fer að sá sér út á staði þar sem hún á ekki að vera og bregðast við til að hefta útbreiðslu hennar ef þörf þykir.

Á rofnum svæðum er hætta á frostlyftingu og vanda þarf val gróðursetningarstaða. Gróðursetja skal í gróðurtorfur til að auka rótarfestu plantna. Hætta er á þurrkum í mosapembum og lyngmóum á þurrktímum, einkum síðsumars.

Ekki er áætlað að nota rússalerki á samningssvæðinu en það á erfitt uppdráttar á svæðum við sjó. Saltákoma og hafræn veðurskilyrði niður á fjörðum austan lands draga verulega úr vexti og lifun rússalerkis.

Gert er ráð fyrir alaskaösp á grasgrónum svæðum og lúpínubreiðum þar sem frjósemi jarðvegs er nægileg. Á flötum túnnum er hætta á myndun frostpolla. Þar er góð jarðvinnsla mikilvæg til að lyfta upp gróðursetningasetum og lágmarka samkeppni við gras með plægingu, svo unglöntur komist eins fljótt og auðið er upp úr helsta frostlaginu við jörð. Lúpínubreiður skal slá niður til að auka sólarljós og draga úr samkeppni. Grunnur jarðvegur og mikil grýtni í lúpínubreiðunum gerir yfirferð jarðvinnsluvéla ómögulega.

Ræktunin mun hafa jákvæð áhrif á jarðveg og líffjölbreytni á svæðinu. Mikið er af rofna og gróðursnauðu landi og mun skógrækt efla gróðurfar svæðisins.

Landið er stógrýtt og stutt er í skriður í undirlagi. Á köflum eru gróðursetningar og jarðvinnsla erfiðar.

Afföllum plantna á fyrstu fimm árum eftir gróðursetningu verður mætt með endurgróðursetningum/íbótum.

Á meðal annarra jákvæðra áhrifa á umhverfi og samfélag sem skógurinn getur stuðað að er vert að nefna:

- Atvinnusköpun við ræktun og umhirðu skógarins.
- Atvinnusköpun við úrvinnslu afurða í framtíðinni.
- Aukin líffræðileg framleiðni á rýru landi.
- Auknir möguleikar til útivistar.
- Auknir möguleikar til heilsueflingar, færniseflingar og fræðslu.
- Aukin vatnsgæði.
- Efling á líffjölbreytni.
- Hagrænn ávinningur vegna framleiðslu og sölu timburs og annarra skógarafurða.
- Kolefnisbinding sem liður í að draga úr hraðfara loftslagsbreytingum.

- Myndun búsvæða fyrir fjölda plantna, dýra og sveppa.
- Uppgræðsla rofins lands og jarðvegsvernd.
- Vernd gegn náttúruvá, svo sem flóðum, skriðuföllum og öskufoki.

Gróðursetningar

Gert er ráð fyrir að gróðursetja 216.992 plöntur í 95 ha árið 2023.

Samantekt Eyri

Stærð skógræktarsvæðis	138.5
Fjöldi ha sem á að planta í	95.0
Úrtök hektarar	43.5

Plöntur sem á að gróðursetja

Tegund	Fjöldi
Birki	0
Lerki	0
Fura	149,322
Greni	29,864
Ösp	37,806
Ýmsar teg	0
Plöntur í íbætur	41,012
Samtals	258,004


Skipting milli góðurhverfa

Gróðurhverfi	Ha
Mosaþemba	32.9
Mólendi	41.0
Graslendi	4.8
Lúpína	4.5
Blómlendi	0.0
Hálfdeigja	0.0
Mýri	22.9
Skóglendi	0.0
Gömul tún	2.8
Ógróið	0.9
Samtals	109.8

Ráðgerð jarðvinnsla


Jarðvinnsla	Ha
TTS-plöntuherfi	0.0
Handflekking	31.4
Vélflekking	1.8
Plæging	10.3
Tæting	0.0
Graseyðing	0.0
Herfing	0.0
Annað	3.6
Samtals	47.1

Skipting milli tegunda



Birki
0%
Lerki
0%
Ýmsar teg
0%

Skipting milli gróðurhverfa



Hálfdeigja
0%
Skóglendi
0%
Blómlendi
0%

Umhirða

Endurgróðursetning (íbætur) á að fara fram innan fimm ára frá gróðursetningu. Ef fjöldi lifandi plantna á hektara er meiri en 1500 verður ekki endurgróðursett. Snemmgrisjun gæti farið fram þegar skógurinn er 3-5 m á hæð. Ekki verður snemmgrisjað ef fjöldi trjáa á hektara er minni en 2000. Spáin gerir ekki ráð fyrir annarri grisjun á fyrstu 50 árum spánnar. Slóðum og vegum verður haldið við á tímabilinu eins og þurfa þykir. Umhirðuáætlun er unnin fyrir tiltekna reiti með verklýsingum fyrir tiltekna aðgerð.

Eldvarnir

Eitt af því fjölmarga sem hvílir á þeim sem stunda skógrækt er að huga að brunavörnum í skóginum. Algengasta ástæða bruna er íkveikja af mannavöldum, annað hvort viljandi eða óviljandi.

Hraði viðbragðs ræður mestu um möguleikann á að stöðva eldinn áður en hann verður óviðráðanlegur.

- Hringja í Neyðarlínuna í 112 sem gefur samband við slökkvilið.
- Gera öðrum viðvart.
- Hafa eigið öryggi í forgangi.
- Hafa aðgengilegar eldklöppur og annan búnað til að slökkva eld.
- Upplýsingamiðlun til vettvangsstjórnar.



Trjátegundir eru misjafnlega eldfimar. Yfirleitt er talað um að lauftré og lerki séu lítið eldfim en greni og fura séu mun eldfimari. Meiri upplýsingar og bækling um gróðurelda er að finna á vefnum grodureldar.is

Eftir atvikum er hægt að skipta svæðinu í brunahólf með því að grisja breiða slóða í gegn um skóginn og hefta þar með útbreiðslu mögulegra skógarelda.


Áhættumat og mótvægi

Áhættuflokkur	(1) Möguleg áhætta	Líkur á atburði (L/M/H) *	Áhrif atburðar (L/M/H)	(2) Mótvægis-áætlun	(3) Aðgengileg gögn fyrir hverja áhættutegund
Lagalegt/félagslegt (þ.m.t. eignarhald lands, verkefnastjórn og fjármagn)	Nýtt eignarhald lands	L	M	Skógarkolefnis-samningur	Skógarkolefnis-samningur
Náttúruleg röskun: Eldur	Gróðureldar að vori í næsta nágrenni	L	M	Auðvelt aðgengi að vatni	Eldvarnaráætlun
Náttúruleg röskun: Vindur	Stormfall	L	M	Vel tímasett snemmgisjun	Ekki þörf á
Náttúruleg röskun: Þurrkur/flóð	Óvenju miklir þurrkar	M	M	Tegundaval	Ræktunaráætlun
Náttúruleg röskun: Skaðvaldar og sjúkdómar	Asparryð, skordýr	L	L	Blandaður skógur	Ræktunaráætlun
Hæfi tegunda í núverandi og framtíðar veðurfari	Aðlögun að vetrarhlýindum	L	M	Stutt vaxtarlota	Umhirðuáætlun
Annað	Kindur	L	L	Girðingar	Ekki þörf á

*L = litlar líkur/lítill áhrif, M = miðlungs líkur/áhrif, H = háar líkur/mikil áhrif

Töflur og kort




Gróðursetningaráætlun					Eyri									
Reitur nr.	Stærð ha	Fjöldi í Reit	Fjöldi á ha	Bil á milli plantna	Gróðurhverfi	Tegund 1	Tegund 2	Hlutfall tegund 1	Hlutfall tegund 2	Fjöldi tegund 1	Fjöldi tegund 2	Jarðvinnsla	Athugasemd	
María maí 2023														
0	0.0				Ógróið land - klettar og klappir							0	Sleppa, Klettur.	
48	0.9	1,983	2200	2.1	Mosaþemba	Stafafura		100		1,983			Mikið grjót, Frostlyfting!	
49	0.4	1,002	2500	2.0	Lyngmói	Sitkagreni		100		1,002		Handflekking		
50	0.6	1,451	2500	2.0	Lyngmói	Sitkagreni		100		1,451		Vélflekking		
51	0.7	1,655	2500	2.0	Lyngmói	Stafafura		100		1,655		Handflekking	Mikið grjót	
52	5.1	12,662	2500	2.0	Tún; aflögð tún	Alaskaösp		100		12,662		Plægning	Frostpollar!!	
53	0.5	1,158	2200	2.1	Lyngmói	Sitkagreni		100		1,158		Handflekking	Frostlyfting!	
54	3.8				Myrarstaramýri								Sleppa Mýri.	
55	0.6	1,599	2500	2.0	Lyngmói	Sitkagreni		100		1,599		Handflekking	Mikið grjót	
56	1.1	2,661	2500	2.0	Mosaþemba	Stafafura		100		2,661			Mikið grjót	
57	0.6	1,507	2500	2.0	Graslendi	Alaskaösp		100		1,507		Plægning		
58	1.1	2,874	2500	2.0	Lyngmói	Sitkagreni		100		2,874		Handflekking	Mikið grjót	
59	2.0				Myrarstaramýri								Sleppa Mýri.	
60	1.3				Myrarstaramýri								Sleppa Mýri.	
61	1.2	3,057	2500	2.0	Mosaþemba	Stafafura		100		3,057			Mikið grjót	
62	2.1				Myrarstaramýri								Sleppa Mýri.	
63	1.3	3,257	2500	2.0	Graslendi	Alaskaösp		100		3,257				
64	2.9	7,254	2500	2.0	Tún; aflögð tún	Alaskaösp		100		7,254		Plægning		
65	2.0	4,989	2500	2.0	Lyngmói	Stafafura	Sitkagreni	60	40	2,994	1,996	Handflekking		
66	1.0	2,536	2500	2.0	Tún; aflögð tún	Alaskaösp		100		2,536		Plægning		
67	0.3	588	2200	2.1	Lyngmói	Stafafura		100		588		Handflekking	Frostlyfting!	
68	3.0				Myrarstaramýri								Sleppa Mýri.	
69	0.4	994	2500	2.0	Lyngmói	Sitkagreni		100		994		Handflekking		
70	4.0				Myrarstaramýri								Sleppa Mýri.	
71	0.6	1,389	2500	2.0	Mosaþemba	Stafafura		100		1,389				
72	2.8	6,964	2500	2.0	Lúpína gömul	Alaskaösp		100		6,964		Annað	Mikið grjót	
73	2.5	6,330	2500	2.0	Mosaþemba	Stafafura		100		6,330			Mikið grjót	
74	1.5				Myrarstaramýri								Sleppa Mýri.	
75	0.2	593	2500	2.0	Lyngmói	Stafafura		100		593			Mikið grjót	
76	1.3				Myrarstaramýri									
77	0.8	2,027	2500	2.0	Lyngmói	Sitkagreni		100		2,027		Vélflekking		
78	1.5	3,693	2500	2.0	Mosaþemba	Stafafura		100		3,693			Mikið grjót	
79	0.4				Myrarstaramýri								Sleppa Mýri.	
80	1.1	2,834	2500	2.0	Mosaþemba	Stafafura		100		2,834				
81	0.9	2,243	2500	2.0	Mosaþemba	Stafafura		100		2,243				
82	1.1				Myrarstaramýri								Sleppa Mýri.	
83	6.0	15,114	2500	2.0	Lyngmói	Stafafura		100		15,114		Handflekking	Mikið grjót, Frostlyfting!	
84	0.6	1,497	2500	2.0	Lyngmói	Stafafura		100		1,497		Handflekking		
85	0.8	1,905	2500	2.0	Lyngmói	Sitkagreni		100		1,905		Handflekking	Mikið grjót	
86	7.2	15,877	2200	2.1	Lyngmói	Stafafura		100		15,877		Handflekking	Mikið grjót, Frostlyfting!	
86	0.1	214	2200	2.1	Lyngmói	Stafafura		100		214		Handflekking		
87	0.7	691	1000	3.2	Ógróið land - melar	Stafafura		100		691		Handflekking	Frostlyfting!!!	
88	0.7	1,439	2200	2.1	Lyngmói	Sitkagreni		100		1,439			Frostlyfting!	
89	0.7	1,671	2500	2.0	Graslendi	Alaskaösp		100		1,671		Plægning		
90	0.8	1,992	2500	2.0	Lyngmói	Sitkagreni		100		1,992		Handflekking	Mikið grjót	
90	0.1	185	2500	2.0	Lyngmói	Sitkagreni		100		185		Handflekking	Mikið grjót	
91	3.7	9,354	2500	2.0	Mosaþemba	Stafafura		100		9,354				
92	1.2				Myrarstaramýri								Sleppa Mýri.	
93	1.0	2,281	2200	2.1	Lyngmói	Sitkagreni	Stafafura	60	40	1,369	912		Frostlyfting!	
94	1.5				Myrarstaramýri									
95	0.8	1,955	2500	2.0	Lúplínustöð	Alaskaösp		100		1,955		Annað		
96	2.0	4,991	2500	2.0	Mosaþemba	Stafafura		100		4,991			Mikið grjót	
97	6.8	14,988	2200	2.1	Mosaþemba	Stafafura		100		14,988			Mikið grjót, Frostlyfting!	
98	0.9				Myrarstaramýri								Sleppa Mýri.	
98	0.3				Myrarstaramýri								Sleppa Mýri.	
99	0.6				Myrarstaramýri								Sleppa Mýri.	
99	4.9				Myrarstaramýri								Sleppa Mýri.	
99	0.4	1,054	2500	2.0	Lyngmói	Sitkagreni		100		1,054		Vélflekking		
100	3.1	6,839	2200	2.1	Mosaþemba	Stafafura		100		6,839			Frostlyfting!	
101	1.1				Myrarstaramýri								Sleppa Mýri.	
102	3.5	6,352	1800	2.4	Mosaþemba	Stafafura		100		6,352			Mikið grjót, Frostlyfting!	
103	1.1	2,841	2500	2.0	Lyngmói	Sitkagreni		100		2,841		Handflekking		
104	3.6	5,381	2500	2.0	Lyngmói	Sitkagreni		60		5,381			Mikið grjót	
105	1.1	2,353	2200	2.1	Mosaþemba	Stafafura		100		2,353			Birkikjarr 40%, Mikið grjót	
106	1.2	2,097	2500	2.0	Lyngmói	Stafafura	Sitkagreni	50	20	1,498	599	Handflekking	Frostlyfting!	
107	0.7	1,807	2500	2.0	Mosaþemba	Stafafura		100		1,807			Birkikjarr 30%	
108	6.8	13,436	2200	2.1	Lyngmói	Stafafura		90		13,436		Handflekking	Birkikjarr 10%, Mikið grjót, Frostlyfting!	
109	3.4	6,085	1800	2.4	Mosaþemba	Stafafura		100		6,085			Frostlyfting!	
110	6.9	17,297	2500	2.0	Mosaþemba	Stafafura		100		17,297				



 Samsýn Efir, Esri, HERE, Garmin, FAO, NOAA, USGS, Esri, USGS

Reitakort

Jörð: Eyri
Sveitarfélag: Fjarðabyggð

-  Reitánúmer
-  Reitakort
-  Vegir og slóðar - Ísland

Kortagerð: María Vest



skógræktin



Mælikvarði: 1:7,680 Dagsetning: 01/06/2023






ICELAND
Reykjavík

Tegundakort

Jörð: Eyri
Sveitarfélag: Fjarðabyggð

Yfirtegnun 1


- Fura
- Greni
- Ösp
- Ræktunaráætlun
- Vegir og slóðar - Ísland

Kortagerð: María Vest



Mælikvarði: 1:7,000 Dagsetning: 01/06/2023







 Samsyn Eyr, Esri, HERE, Garmin, FAO, NOAA, USGS, Esri, USGS

Jarðvinnsla


Jörð: Eyri
Sveitarfélag: Fjarðabyggð

Kortagerð: María Vest

-  Plæging
-  Vélflækking
-  Handflækking
-  Annað
-  Jarðvinnsluáætlun
-  Vegir og slóðar - Ísland
-  Vegir og slóðar áætlanir
-  Vegir og slóðar framkvæmdir - frágengið
-  Fornleifafráning, friðhelgi



Mælikvarði: 1:7,000 Dagsetning: 01/06/2023



 skógræktin



Samþykkt landeiganda

Réttmætir eigendur jarðarinnar Eyri samþykkja hér með undirskrift ræktunaráætlun þessa.

Dagsetning og undirskrift

Dags. _____ Undirskrift _____

Dags. _____ Undirskrift _____

Dags. _____ Undirskrift _____

Staðfesting höfundar

Áætlun unnin af:

Maríu Daníelsdóttur Vest skógræktarráðgjafa hjá Skógræktinni, kt. 090896-3349. Sími: 895-2184. Netfang: Maria.Danielsdottir@skogur.is

Dagsetning og undirskrift

Dags. _____ Undirskrift _____

